

FUNDARGERÐ

595. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 27. nóvember, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

- I – 1 Fundargerð fundar fjallskilanevndar eystri, haldinn 15. ágúst.
- I – 2 Fundargerð fundar fjallskilanevndar vestari, haldinn 13. ágúst.
- I – 3 Fundargerð fundar fjallskilanevndar eystri, haldinn 25. nóvember.
- I – 4 Fundargerð fundar fjallskilanevndar vestari, haldinn 25. nóvember.
- I – 5 Fundargerð 23. fundar æskulýðs- og tómstundanevndar, haldinn 25. nóv.
- II – 2 Bréf frá ábúendum á Norður-Hvoli.

Afbrigðin samþykkt.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir fjallskilanevnda.

- 1.1. Lögð fram fundargerð fundar fjallskilanevndar eystri, haldinn 15. ágúst.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 1.2. Lögð fram fundargerð fundar fjallskilanevndar vestari, haldinn 13. ágúst.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 1.3. Lögð fram fundargerð fundar fjallskilanevndar eystri, haldinn 25. nóvember.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
- 1.4. Lögð fram fundargerð fundar fjallskilanevndar vestari, haldinn 25. nóvember.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Fundargerð æskulýðs- og tómstundanevndar.

Lögð fram fundargerð 23. Fundar æskulýðs- og tómstundanevndar Mýrdalshrepps, haldinn 25. nóvember 2019.

Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar sveitarstjórnar.

2.1. Val á fulltrúum í ungmennaráð.

Tillaga gerð að Birna Sólveig Kristófersdóttir, Vignir Jóhannsson og Eva María Ólafsdóttir verði aðalmenn og til vara Auðunn Adam Vigfússon, Urður Ósk Árnadóttir og Tara Karitas S. Óðinsdóttir.

Sveitarstjórn staðfestir skipan í ungmennaráð og óskar ungmennaráði velfarnaðar í sínum störfum.

3. Erindi frá hestamannafélaginu Sindra.

Lagt fram erindi frá Hermanni Árnasyni formanni reiðveganefndar hestamannafélagsins Sindra þar sem óskað er eftir leyfi til reiðvegagerðar á uppdrætti sem kynntur hefur verið sveitarstjórn.

Sveitarstjórn veitir leyfi fyrir framkvæmdinni og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fylgja málinu eftir.

4. Bréf frá ábúendum á Norður-Hvoli.

Lagt fram bréf frá Einari Magnússyni og Birnu Viðarsdóttur ábúendum á Norður-Hvoli þar sem óskað er liðsinni sveitarfélagsins við að koma því í kring að bæjarheitið Norður-Hvoll haldi sér í stað þeirrar breytingar sem Þjóðskrá Íslands gerði og tilgreindi nýtt bæjarheiti; Hvoll 2.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps felur sveitarstjóra að fara fram á það við Þjóðskrá Íslands að breyting þessi verði afturkölluð og jafnframt að sveitarfélaginu verði sent yfirlit yfir allar sambærilegar breytingar sem Þjóðskrá Íslands hefur gert í Mýrdalshreppi á grundvelli þeirra reglna og laga sem vísað er í í bréfi sem ábúendum á Norður-Hvoli var sent.

5. Álagning gjalda fyrir árið 2020


Útsvarshlutfall: Útsvarshlutfall verður óbreytt á árinu 2020, 14.52%

Fasteignaskattur: Er álagður samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

- Allt að 0,5% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu..

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu í a) og c) lið um allt að 25%.

Sveitarstjórn samþykkir að álögð fasteignagjöld í Mýrdalshreppi 2020 verði með eftirfarandi hætti.



Fasteignaskattur:	A-flokkur	0,48 % af fasteignamati húss og lóðar
	B-flokkur	1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
	C-flokkur	1,65 % af fasteignamati húss og lóðar

Sveitarstjórn samþykkir álagningu eftirfarandi gjalda sem innheimt verða með fasteignaskatti.

Holræsagjald:	0,20 % af fasteignamati húss og lóðar
Rotþróargjald:	kr. 11.018.-
Lóðarleiga:	1,5 % af lóðarmati lóðar
Vatnsgjald:	0,15 % af fasteignamati húss og lóðar

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar verður innheimtur fasteignaskattur skv. c lið af öllu húsnæði sem nýtt er í tengslum við ferðaþjónustu, en tekið tillit til laga um heimagistingu verði sýnt fram á að húsnæðið sé ekki leigt nema í 90 daga á ári eða tekjur af útleigu fari ekki yfir 2 milljónir. Gjald dagar fasteignagjalda eru níu á ári.

Sorggjöld 2020			
Flokkar	Sorphreinsun	Förgun og endurvinnsla	Samtals
Heimili			
Íbúðarhús	21.891	22.763	44.653
Sumarhús	10.940	11.382	22.322
Fyrirtæki			
Flokkur 0	Lögbýli	25.852	25.853
Flokkur 1		56.875	56.875
Flokkur 2		150.050	150.050
Flokkur 3		261.566	261.566
Flokkur 4		357.811	357.811
Flokkur 5		458.063	458.063

Afsláttur af fasteignaskatti

Elli- og örorkulífeyrisþegum, er búa í eigin húsnæði, er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt sérstakri reglugerð sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Eigendur húsa þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og/eða mannúðarstörf, geta sótt um styrki til sveitarstjórnar til greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn hefur sett reglur um veitingu slíkra styrkja.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Mýrdalshreppi. Niðurfellingin er tekjutengd og tekur einungis til fasteignaskatts.

2. gr.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir árið 2020

Einstaklingar			Hjón/sambýlisfólk		
Tekjur		Afsláttur	Tekjur		Afsláttur
-	5.345.000	100%	-	7.484.000	100%
5.345.001	5.845.000	75%	7.484.001	7.984.000	75%
5.845.001	6.345.000	50%	7.984.001	8.484.000	50%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) 2018, sbr. álagningu skattstjóra og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts 2020. Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

3. gr.

Við fráfall maka eða sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega á eftirlifandi maki rétt á afslætti samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á afslætti fer fram vélrænt í álagningarkerfi Þjóðskrár Íslands með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra.

5. gr.

Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með því ári sem þeir ná 67 ára aldri.

Örorkulífeyrisþegar yngri en 67 ára, sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr., skulu leggja fram gild örorkukort sem Tryggingarstofnun ríkisins gefur út sé þess óskað. Réttur til lækkunar fellur niður ef kortið rennur út.

6. gr.

Telji fasteignaeigendur sig eiga rétt á afslætti m.v. þessar reglur og hafi tekjur þeirra hafi lækkað milli viðmiðunar árs og álagningarárs geta þeir óskað eftir endurreikningi miðað við tekjur ársins 2013 samkvæmt staðfestu skattframtali þegar það liggur fyrir.

7. gr.



Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Gjaldskrár 2020

Fasteignaskattur, lóðarleiga, fráveitu- og vatnsgjald –óbreytt en tekjuviðmið afsláttar hækkuð

Heimaþjónusta- óbreytt

Sundlaug- óbreytt

Íþróttahús- óbreytt

Leikskóli- óbreytt

Tónskóli- óbreytt

Dægradvöl í grunnskóla- óbreytt

Mötuneyti leik- og grunnskóla- óbreytt

Hunda- og kattahald- óbreytt

Sorphirða- hækkun 2,5%

Félagsheimilið Leikskálar- Ný gjaldskrá

Útleiga á borðbúnaði, háhöldum og húsgögnum félagsheimilisins Leikskála- ný gjaldskrá.

Heimgreiðslur til foreldra barna á biðlista eftir leikskólaplássi- óbreytt

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að álagningu gjalda fyrir árið 2020 með fyrirvara um breytingar vegna urðunar á lífrænum úrgangi.

6. Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2020 – 2023 – fyrri umræða.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2020-2023 og framkvæmdaáætlun 2020.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2020-2023 til seinni umræðu.

7. Fundargerðir til kynningar.


Lögð fram fundargerð fundar héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 17. október 2019.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti drög að nýrri fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Skaftafellssýslu og að þau verði send ráðherra til staðfestingar.






Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17.35




Einar Freyr Elínarson, oddviti



Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson